

Aðalfundur hverfisnefndar Brekku og Innbæjar

haldinn 31. janúar 2013 kl. 20:00 í Brekkuskóla

37. fundur

Fundarstjóri: Halla Björk Reynisdóttir formaður bæjarráðs

Dagskrá fundar:

1. Kynning á störfum hverfisnefnda
2. Kosning fimm fulltrúa í nefndina og tveggja til vara
3. Önnur mál

Fundarstjóri Halla Björk Reynisdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún kynnti að þar sem engin hverfisnefnd hefði verið starfandi í hverfinu í nokkurn tíma þá þyrfti að breyta frá reglum um aðalfund. Fundarstjóri bar fram tillögu um að Dagný Magnea Harðardóttir tengiliður Akureyrarbæjar við hverfisnefndirnar yrði fundarritari og var hún samþykkt.

1. Kynning á störfum hverfisnefnda

Fundarstjóri fór yfir Samþykkt fyrir hverfisnefndir á Akureyri og störf hverfisnefnda hingað til. Hún greindi einnig frá samþykkt sem gerð var á hátíðarfundir bæjarstjórnar Akureyrar í tilefni 150 ára afmælis bæjarins að veita fjármunum í sérstakt umhverfisátak. Í framhaldi af þeirri ákvörðun var ákveðið að hver hverfisnefnd fengi til ráðstöfunar tvær milljónir króna og hvort hverfisráð, í Hrísey og Grímsey, fengi eina milljón króna til ráðstöfunar í umhverfismál innan síns hverfis en þó væru allar ákvarðanir um framkvæmdir háðar samþykki framkvæmdadeildar/ráðs. Auk þess geta íbúar bæjarins sett fram óskir sínar um framkvæmdir í bæjarlandinu á heimasíðu Akureyrarbæjar <http://www.akureyri.is>

2. Kosning fimm fulltrúa í nefndina og tveggja til vara

Fundarstjóri óskaði eftir framboðum í hverfisnefnd og bað þá sem áhuga hefðu að bjóða sig fram að skrá sig hjá fundarritara. Sjö aðilar buðu sig fram sem aðalmenn þau Sigmundur Kr. Magnússon, Jens Kristinn Gíslason, Ragnar Jón Ragnarsson, Kristján Bergmann Tómasson, Elín Auður Ólafsdóttir, Jóhann Gunnarsson og Pétur Halldórsson og tveir buðu sig fram sem varamenn þær Sara Ómarsdóttir og Katrín Hólm Hauksdóttir. Frambjóðendur kynntu sig og síðan var gengið til kosninga sem var skrifleg og leynileg. Atkvæði töldu fundarstjóri og fundarritari.

Eftirtaldir voru kosnir sem aðalmenn í hverfisnefnd Brekku og Innbæjar til tveggja ára:

Sigmundur Kr. Magnússon, Jens Kristinn Gíslason, Ragnar Jón Ragnarsson, Kristján Bergmann
Tómasson og Elín Auður Ólafsdóttir.

Til vara voru kosnar þær: Sara Ómarsdóttir og Katrín Hólm Hauksdóttir.

Stjórnin mun skipta með sér verkum á sínum fyrsta fundi.

3. Önnur mál

Nokkur umræða fór fram um það hvort betra væri að hafa aðskildar hverfisnefndir fyrir Brekku og
Innbæ.

Rætt var um hvaða leiðir væru færar til að koma upplýsingum frá hverfisnefndum til íbúa í
hverfunum.

Jóhann Gunnarsson kom þeirri tillögu sinni á framfæri við nýkjörna hverfisnefnd að hún beitti sér fyrir
því að bæjarstjórn breytti deiliskipulagi við Brekkuskóla þannig að það væri barnvænn staður.

Fundi slitið 21:10.